

**Nd.**

**657. Nefndarálit**

**[7. mál]**

um frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin fjallaði um frv. á mörgum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Magnús T. Ólafsson og Svava Jakobsdóttir skila sérálit.

Nefndin fékk til fundar við sig þá Stefán Júlíusson bókafulltrúa og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra.

Frá því að frumvarpið var lagt fram á fyrstu dögum þingsins hafa forsendur breyst. Með samþykkt laga nr. 94 30. des. 1975 er gert ráð fyrir því að málefni almenningsbókasafna verði hér eftir alfarið verkefni sveitarfélaga, þar sem ríkið hættir greiðslu rekstrarstyrkja og stofnframlaga til safnanna.

Í framhaldi af því flutti menntamálaráðherra breytingartillögur á þingskjali 197. Ágreiningur hefur komið upp milli menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga um grundvallaratriði.

Samband ísl. sveitarfélaga telur að löggjafanum beri ekki að setja sveitarfélögum takmörk um framlög til einstakra málaflokka sem þau sjá um að öllu leyti. Menntamálaráðuneytið telur hins vegar að tryggja beri, að sú hækkun á tekjum sveitarfélaganna, sem þau fengu með aukinni hlutdeild í söluskatti, renni til bókasafnanna, en ekki annað. Þessi upphæð var áætluð 20 millj. kr. árið 1976.

Nefndin lagði allmikla vinnu í að jafna ágreininginn milli þessara aðila, en tókst það ekki til fulls.

Meiri hluti nefndarinnar varð sammála um að flytja breytingartillögur þær, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1976.

Ellert B. Schram,  
varaform.

Sigurlaug Bjarnadóttir,  
fundaskr.

Gunnlaugur Finnsson,  
frsm.

Ólafur B. Óskarsson.